



Friður

ágúst - september - október

Íhugunaratriði :

- Friður er að finna innri ró.
- Friður er þegar öllu fólki líður vel saman.
- Friður er að hugsa jákvætt um sjálfan sig og aðra.
- Friður byrjar innra með okkur sjálfum.

Markmið:

- Að auka upplifun af friði.
- Að auka þekkingu á friði.
- Að byggja upp hæfileika til að leysa úr ágreiningi.
- Að læra að stjórna sér, bæði líkama og orðum.

Við leggjum áherslu á frið með því að:

- Tala fallega og rólega til hvors annars.
- Vera kærleiksrík við fólk og dýr.
- Skapa notalegt andrúmsloft.
- Setja okkur og öðrum mörk og virða þau, með því að segja stopp.

Söngvar og þulur:

- Við erum góð
- Gleðisöngurinn
- Álfaheiði
- Vinur minn
- Við erum vinir
- Regnbogalagið

Sögur:

- Lífsgildi, barnabækur eftir Steinunni.
- Undir heillastjörnu.
- Besta knús í heimi.
- Sagan af skessunni sem leiddist.
- Hugarflugsæfingar.
- Bínu bækurnar.
- Einar Áskell.
- Stjarnan hennar Láru.
- Brosbókin.
- Benedikt búálfur.

**Deilum gildum
okkar til að
skapa betri heim**

Umræður:

- Hvað er friður?
- Sköpum umræður með sögum og vináttu verkefninu.
- Hvernig getið þið verið vingjarnleg?
- Hvað er að vera friðsæll?

Að tengja lífsgildin daglegu starfi.

- Við erum friðsæl í leikskólanum og leikum okkur saman.
- Upplifa náttúruna.
- Við spilum rólega tónlist og höfum rólega stund á morgnana
- Við erum róleg og friðsæl í matartíma og tölum saman eitt í einu og hlustum á hvert annað.
- Við leggjum áherslu á friðsælt andrúmsloft í fataherbergi með því að bjóða fáum börnum í einu.
- Við höldum góðan vinnufrið svo allir geti einbeitt sér.
- Við tökum vel á móti nýjum börnum og foreldrum.
- Við tengjum lausnir við daglegt líf.